

## Fréttabréf til forráðamanna í Glerárskóla

Glerárskóli Akureyri - 2.tbl. 11. árg

### Október og nóvember 2021



Góðan dag kæru forráðamenn

Nú er skólastarf í Glerárskóla komið vel á veg þetta skólaárið. Hingað til hefur veðrið verið okkur gott og mikið af skólastarfinu farið fram utandyra. Í vikunni varð örlítill breyting á því en við látum ekki deigan síga. Nemendur hafa nú þegar tekist á við mörg spennandi og fróðleg verkefni og allt komið í góðan farveg.

Covid veiran setur þessa dagana mark sitt á skólastarfið en í sameiningu komumst við í gegnum það.

Glerárskóli leggur nú í vetur sérstaka áherslu á læsi út frá áhugasviði nemenda og eflingu lestrar. Góð samvinna við heimilin skiptir þar höfuð máli því það að lesa heima og í skóla getur skilað nemendunum okkar gríðarlega miklum árangri. Við hvetjum því alla til að lesa með börnunum, sama á hvaða aldri þau eru, við hvert gefið tækifæri og muna eftir heimalestrinum.

Menntastefna Akureyrarbæjar er okkur hugleikin og í vetur munum við stilla strengi okkar í námi og kennslu með viðmið hennar að leiðarljósi. Innra mat skólans er sterkt og tekur mið af Aðalnámskrá grunnskóla, menntastefnu Akureyrarbæjar og stefnu Glerárskóla. Allt er þetta síðan unnið með okkar frábæru kennurum sem eru öflug heild í framþróun og hugmyndaauði.

Við bendum öllum á heimasíðu Glerárskóla en þar má finna skólanámskrá og starfsáætlun skólans. Í þeim skjölum, sem eru lifandi og alltaf í framþróun, má finna allt um starfið í skólanum okkar.

Eins og alltaf bendum við öllum á að lesa fréttabréfið vel og fylgjast með heimasíðu/fésbókarsíðu skólans þar sem upplýsingar birtast reglulega.

Kær kveðja frá stjórnendum Glerárskóla,  
Eyrúnu, Helgu og Tómasi

### Nýr matseðill í leik- og grunnskólum Akureyrarbæjar

Eins og flest ykkar vita var á fundi fræðsluráðs Akureyrarbæjar 6. september sl. samþykkt samhljóða breyting á fyrirkomulagi matseðla í leik- og grunnskólum bæjarins.



Sýni ehf. gerði síðasta vor úttekt á matseðlum í leik- og grunnskólum Akureyrarbæjar að ósk fræðsluráðs. Með hliðsjón af niðurstöðum úttektarinnar og að teknu tilliti til hugmynda matráða sem komið hafa fram á fundum með þeim síðustu tvö árin, sendi leikskólateymi

fræðslusviðs erindi til fræðsluráðs um breytingar á fyrirkomulagi matseðla sem nú hefur verið samþykkt.

Breytingarnar fela m.a. í sér að matseðlarnir eru endurteknir eftir fjórar vikur í stað sjö vikna áður. Með því eykst sveigjanleiki matráða til að setja saman matseðil fyrir sinn skóla og nota þær uppskriftir sem þeir vita að falla best í kramið hjá nemendahópnum. Þannig er til dæmis fiskur á matseðlinum í viku eitt en matráðurinn ákveður sjálfur hvaða fiskur það er og hvernig hann er matreiddur. Þetta gerir það að verkum að ekki er sama útfærslan á matnum í öllum skólum.

Upplýsingar um þetta hafa verið sendar til allra forráðamanna nú þegar.

## Lestraráttak á unglingastigi

Næstu sex vikur verður lestraráttak í gangi á unglingastigi.

Lestraráttak felur í sér að nemendur lesa íslenskan texta í 15 mín á dag í sex vikur. Í fyrstu vikunni verður lesið í fyrsta tíma, í annarri viku lesa nemendur í öðrum tíma og svo framvegis fram að sjöttu viku. Nemendum er frjálst að velja hvað þau lesa, svo lengi sem það er á íslensku.



## Bílastæði við Glerárskóla

Nú er umhverfi Glerárskóla smám saman að taka á sig nýja mynd. Allar deildir leikskólans hafa nú verið opnaðar og bílastæði sunnan Glerárskóla nánast tilbúin miðað við þær breytingar sem átti að framkvæma í þessum áfanga.

Við viljum benda öllum á að aka ekki bílum á gangvegi sem staðsettur er næst leikskólalóðinni og eins að leggja ekki nema stutta stund á sleppisvæði skólans.

Einnig bendum við á að leggja má á bílastæði ofan við leikskólann og ganga meðfram honum, í gegnum vindandyri og að Glerárskóla ef öll bílastæði eru upptekin á neðra stæðinu.



## Farartæki á hjólum - ítrekun

Veðrið hefur leikið við okkur í sumar og vonum við að haustið verði einnig gott svo nemendur geti nýtt sér farartæki á hjólum til að koma í skóla og heim úr skóla. Við viljum minna á þær reglur sem um slík farartæki gilda og finna má á heimasíðu skólans.



**Allir nemendur skulu nota hjálma og eingöngu nýta farartækin til að koma í og fara heim frá skóla. Einnig skal brýna fyrir nemendum að setja hjólin í hjólagrindur og alls ekki beint fyrir framan innganga að skólanum. Ekki er leyfilegt að geyma rafmagnshlaupahjól innan dyra í skólanum.**

Við bendum forráðamönnum á að ef nemendur eru á leiguhlaupahjólum, sem nú er hægt að leigja hér á Akureyri, eru þeir alfarið á ábyrgð forráðamanna þar sem aldurstakmark á þeim hjólum er 18 ár.

Sjá má á heimasíðu skólans myndband með reglum um notkun rafhlaupahjóna frá Samgöngustofu og reglum skólans um notkun farartækja á hjólum.

**Bendum sérstaklega á að enn eru miklar framkvæmdir í kringum Glerárskóla og því meira um vert að brýna fyrir börnunum að fara eftir reglum, fara varlega og sýna mikla aðgát.**

## Erasmus+ heimsókn - Be a Shield Around the World

Í liðinni viku fékk Glerárskóli heimsókn frá fimm Evrópulöndum, Grikklandi, Austurríki, Danmörku, Rúmeníu og Ítalíu. Þessi lönd ásamt okkur taka þátt í Erasmus+ verkefninu „Be a Shield Around the World“. Heimsóknin tókst afar vel þrátt fyrir veðurfarið og verður gaman að fara í heimsóknir til þessara landa í framhaldinu. Verkefnið er nemendaverkefni og því munu kennarar og nemendur fara í ferðirnar sem áætlaðar eru á þessu og næsta skólaári. Hér fylgja myndir sem einn af félögum okkar frá Danmörku tók og sýna vel veðrabreytingar hér á Akureyri/Íslandi. Myndir teknar á mánudagskvöldi og þriðjudagsmorgni á sama stað.



## Leyfi og veikindi nemenda

Skólinn hvetur forráðamenn til að óska sem minnst eftir leyfum fyrir nemendur frá skóla þar sem nám þeirra er mikilvægt og skólaskylda er í landinu.

Við bendum forráðamönnum á að ef sækja þarf um leyfi í 1-2 daga þarf að hafa samband við umsjónarkennara til að fá slík leyfi. **Senda þarf póst á kennarann og afrit á ritara.** Ef um 3 daga eða lengri leyfi er að ræða þarf að sækja um þau rafrænt á formi sem finna má á heimasíðu skólans.

Við biðjum forráðamenn að senda inn leyfisbeiðnir til styttri tíma að a.m.k. með dags fyrirvara og athugið að löng leyfi þarf að sækja um með nokkrum fyrirvara svo hægt sé að gera ráðstafanir vegna náms nemenda.

Minnum einnig á að hægt er að skrá veikindi nemenda beint inn á InfoMentor. Ef það er gert þarf ekki að hringja í skólann og því getur það sparað bæði tíma og fyrirhöfn. Athugið að tilkynna/skrá þarf veikindi daglega.

## Framkvæmdir á skólalóð Glerárskóla

Eins og áður hefur verið nefnt er verið að vinna að uppsetningu körfuboltavallar á skólalóð Glerárskóla. Völlurinn mun þó ekki verða tilbúinn fyrr en síðar í haust en áætlað er að það verði í október/nóvember komandi.



Leikskólinn er nánast fullbúinn en enn er verið að vinna við bílastæði ofan hans en þau, ásamt bílastæðum sunnan grunnskólans, eru ætluð sem sameiginleg stæði fyrir alla starfsemi á svæðinu.

Þetta þýðir að enn eru framkvæmdir í gangi og því þarf að brýna fyrir börnunum að fara varlega.

Við hlökkum mikið til þegar skólinn okkar og lóðin verða tilbúin en þangað til verðum við að vera þolinmóð og sýna aðgát. Takk fyrir samvinnuna.

*„Bækur eru besta nestið í vegferðinni um lífið.“*  
Höf. ókunnur

## Helstu atburðir í október og nóvember 2021

| Október 2021            |                                                                             |
|-------------------------|-----------------------------------------------------------------------------|
| 18. - 19. október 2021  | Haustfrí kennara og nemenda                                                 |
| 20. október 2021        | Skipulagsdagur - nemendur í fríi frá skóla - Frístund lokuð                 |
| 21. október 2021        | Viðtalsdagur - nemendur og forráðamenn hitta umsjónarkennara                |
| Nóvember 2021           |                                                                             |
| 8. nóvember 2021        | Skipulagsdagur - nemendur í fríi frá skóla - Frístund opin frá 8:00 - 16:15 |
| 11. - 12. nóvember 2021 | Þemadagar - Harry Potter skólinn                                            |
| 16. nóvember 2021       | Dagur íslenskrar tungu                                                      |
| Desember 2021           |                                                                             |
| 3. desember 2021        | Glerárvision - uppbrotsdagur                                                |
| 20. desember 2021       | Uppbrotsdagur - Litlu jól 7. - 10. bekkjar sem síðan fara í jólafrí         |
| 21. desember 2021       | Litlu jól 1. - 6. bekkjar - sem síðan fara í jólafrí                        |

*„Ef þú ert í vafa, farðu þá á bókasafnið“*  
Ron Weasley

## **Haustfrí og skipulagsdagur í október 2021**

Mánudaginn og þriðjudaginn 18. og 19. október verður haustfrí hjá nemendum og kennurum og því enginn skóli. Frístund er opin fyrir þá sem skráðir eru. Skipulagsdagur er miðvikudaginn 20. október og er Frístund lokað þann dag og enginn skóli fyrir nemendur.



## **Viðtalsdagur fimmtudaginn 21. október 2021**

Mánudaginn 4. október hefst skráning á viðtalsdag fyrir þá nemendur sem eiga systkini í skólanum. Miðvikudaginn 6. október hefst skráning fyrir alla. Ætlast er til að a.m.k. einn forráðamaður mæti með nemanda í skólann á viðtalsdegi þann 21. október, til að ræða við umsjónarkennara um nám, líðan og starf nemanda í skólanum.



Eftirfarandi póstur var sendur til forráðamanna í gær, 30. september 2021:

*Fimmtudaginn 21. október n.k. verður viðtalsdagur hér í Glerárskóla.*

*Nemendur eru í fríi frá námi en mæta með foreldrum/forráðamönnum í viðtöl til umsjónarkennara í 15. mínútur.*

*Á mánudaginn 4. október og þriðjudaginn 5. október fá*

*foreldrar/forráðamenn sem eiga fleiri en 1 barn í skólanum að velja sér tíma!*

*Restina af vikunni eða 6. - 8. október fá svo aðrir að velja sér tíma.*

*Er þetta gert svo að þeir foreldrar/forráðamenn sem eiga fleiri en 1 barn í skólanum geti nýtt sér það að koma eingöngu eina ferð þennan dag.*

*Vinsamlegast virðið það.*

*Viðtölin eru pöntuð á [www.mentor.is](http://www.mentor.is)*

*Hér fyrir neðan er linkur á youtube vídeó um hvernig þetta er gert:*

*<https://www.youtube.com/watch?v=mEFYnJhJAsM>*

## **Skipulagsdagur 8. nóvember 2021**

Mánudaginn 8. nóvember n.k. verður skipulagsdagur í skólanum og þar af leiðandi enginn skóli. Frístund er opin þennan dag frá 8:00 - 16:15.

## **Þemadagar 11. - 12. nóvember 2021 - Harry Potter skólinn**

Fimmtudaginn 11. og föstudaginn 12. nóvember 2021 verða þemadagar í Glerárskóla. **Skóli þá daga er frá kl. 8:15 - 13:15** og verður allt hefðbundið skólastarf stokkað upp.



Þemað að þessu sinni er „Harry Potter skóli“ og munu nemendur vinna verkefni þvert á skólastigin, sem tengjast flestum námsgreinum með tengingu í Harry Potter sögur J. K. Rowling. Þar með stígum við fyrsta skrefið í að gera Glerárskóla töfrum prýddan galdragrunnskóla.

Á næstu árum munum við síðan útvíkka okkur á þemadögum og efla galdratækni nemenda. Nánari upplýsingar koma frá umsjónarkennurum þegar nær dregur.



## Sóttvarnir í grunnskólanum

Minnum á að nú sem aldrei fyrr þurfum við að sinna sóttvörnum og því gott að endurtaka eftirfarandi í umræðu við börnin.

1. **Nemendur þurfa að spritta hendur við komu í skólann og alltaf þegar farið er í matsal**



## Covid-19 - til upprifjunar og ítrekunar

Nú þegar smitum af völdum Covid-19 hefur fjölgað innanskólans, þurfum við öll að vera almannavarnir. Við viljum því ítreka eftirfarandi verklag:

1. Ef nemandi sýnir einkenni sem gætu tengst Covid19, vinsamlega haldið honum heima. **Látið skólann vita.**
2. Ef nemandi er á leið í sýnatöku, vinsamlega sendið systkini hans ekki í skólann fyrr en niðurstaða er fengin. **Látið skólann vita.**
3. Látið ritara og umsjónarkennara vita ef um er að ræða veikindi sem tengjast Covid-19 og **um niðurstöður úr skimun.**

*„Gleymum okkur ekki í draumum okkar, heldur lífum lífinu.”*

*Albus Dombledore*

## Að lokum

Staðan í skólanum í dag er sú að tvö staðfest smit hafa komið upp hjá nemendum. Árgangar 5 og 6 hafa báðir verið sendir í sóttkví ásamt 11 starfsmönnum skólans. Allt er þetta gert samkvæmt fyrirmælum og í samvinnu við rakningarteymi.

Við biðjum alla að huga að sínum börnum og fylgjast vel með öllum upplýsingum sem koma frá skólanum og á síðu Akureyrarbæjar, akureyri.is.

Einnig biðjum við alla að vera varkára í ummælum vegna persónuverndar og til að ekki fari sögur á kreik sem eiga ekki við rök að styðjast.

Öll gerum við okkar besta til að vel fari og í sameiningu, og með stuðningi hvert við annað, náum við að koma okkur á beinu brautina.

Takk fyrir samvinnuna, þolinmæðina og þrautseigjuna kæru forráðamenn. Saman erum við sterkt skólasamfélag.

**Glerárskóli, v/Höfðahlíð**

**603 Akureyri**

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá kl. 07:45 - 15:00 en  
í fríum nemenda er hún opin frá kl. 10:00 - 12:00.

Sími skólans:: 461-2666

Netfang skólan: [glerskoli@akureyri.is](mailto:glerskoli@akureyri.is)

Heimasíða skólans: [glerskoli.is](http://glerskoli.is)

Facebook síða: Glerárskóli

**HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI**

